

» **America's Next Top Model er ágætis dæmi um affreyningu, ég hef fáa heyrt tala um söguþráðinn þar 48**

List fyrir forsetahjón Gamalli hefð fylgt



Málverk eftir Rothko.

Það er hefð fyrir því að Bandaríkjaforseti velji sér listaverk frá völdum ríkislistasöfnum Bandaríkjanna til að prýða veggi heimilis síns, þ.e. Hvíta hússins. Það hafa nú Obama-hjónin, þau Barack og Michelle, gert í samvinnu við innanhússhönnuðinn Michael Smith og urðu 36 verk fyrir valinu. Þeir sem fara í heimsókn til Barack og Michelle geta m.a. virt fyrir sér verk eftir Edgar Degas, Ed Ruscha, Rothko, Diebenkorn, Edward Corbett og Susan Rothenberg.

Listasöfnin sem valið er úr eru National Gallery of Art, Hirshhorn-safnið og skúlptúrgarðurinn og Smithsonian-safnið sem hafa að geyma bandarísk verk. Flest verkin er að finna á annarri og þriðju hæð Hvíta hússins og var þeim flestum komið þar fyrir áður en Obama-fjölskyldan flutti inn. „Obama-hjónin vildu fá stórfengleg nútíma- og samtímalistaverk í híbýli sín,“ segir Harry Cooper, sýningarstjóri hjá National Gallery of Art. Þau gættu þess þó að velja úr geymslum safnanna, þ.e. ekki verk sem voru almenningi til sýnis. Flest verkanna eru bandarísk nútímamálverk.

„Seglhótel“ veldur reiði

NÝJASTA glæsihýsi Barselóna, hundrað metra há hótélbygging sem líkist segli á skútu, hefur vakið mikla óánægju meðal fjölda borgarbúa sem telja háhýsið skemma útsýni sitt yfir Miðjarðarhafið. Mótmælendur halda því fram að hótélbyggingin sé ólögleg og hafa kært framkvæmdina. Hótelíð heitir W Hotel Barcelona en hefur verið kallað Seglhótelíð.



Háhýsið W Hotel Barcelona.

Einn mótmælenda, Gloria Melich, segir það skammarlegt að byggja fimm stjörnu lúxushótel á svæði sem tilheyrir borginni, sérstaklega í ljósi þess að ein nótt á hótelinu kosti jafnmikið og atvinnulaus manneskja fær í bætur á mánuði. Byggingin er í Barcelona-hverfinu við ströndina en það var á árum áður hverfi féltilla veiðimanna og hafnarstarfsmanna. Bandarískt fyrirtæki á hótelið og segir það meistaraverk í samtímaþyngingarlist.

Myndlist

Einar Garibaldi og Inga Þórey

LISTASAFN Reykjanesbæjar býður upp á fyrirlestur og leiðsögn á morgun, sunnudaginn 11. október klukkan 15.

Myndlistarmaðurinn Einar Garibaldi Eiríksson heldur fyrirlestur í Bíosal um réttlætningu listarinnar á síðustu áratugum; til að mynda um hvernig á að greina á milli tveggja eins hluta þar sem annar er listaverk. Eftir fyrirlesturinn mun Inga Þórey Jóhannsdóttir leiða gesti um sýningu sína, *Flökkuaðar – Loftfar*, í Listasal Duushúsa. Sýningin opnaði á Ljósanótt 4. september og stendur til 18. október.



Inga Þórey við verk á sýningunni.

Tónlist

Ævintýrið um Eldfuglinn

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT Íslands heldur fjölskyldutónleika í Háskólabíói klukkan 14 í dag, laugardag. Fluttur verður Eldfuglinn eftir Ígor Stravinskíj. Ruman Gamba stjórnar hljómsveitinni og trúðurinn Barbara – Halldóra Geirharðsdóttir – er sögumaður.

Eldfuglinn er ævintýri fyrr alla fjölskylduna og litrík tónlist Stravinskíjs gerir tónleikana að einstakri upplifun. Sagan er um prinsinn Ívan sem er ástfanginn af prinsessu en hún er í haldi skrímslis. Með hjálp göldróttu eldfuglsins tekst Ívani að vinna bug á Kastei.



Trúðurinn Barbara er sögumaður.

Tónlist

Smáralög Barbörukórsins

BARBÖRUKÓRINN heldur tónleika í Hafnafjarðarkirkju á morgun, sunnudag 11. október klukkan 17.

Kórinn flytur perlur úr íslenska tónlistararfinum í útsetningum Smára Ólasonar þjóðlagafræðings. Smári hefur um langt árabil rannsakað uppruna fjölda þjóðlaga og útsett þau fyrir orgel, einsöng og kór. Á tónleikunum verða fluttar útsetningar Smára á þjóðlögum við trúarlega texta.

Stjórnandi og orgelleikari á tónleikunum er Guðmundur Sigurðsson.



Barbörukórinn.

Allar vinna með þráðinn

- Sýning á verkum fjögurra veflistakvenna er í Listasafni Árnesinga
- Fjallað er um kvennapólitík í verkunum og sjá má átök við tíðarandann

Eftir Einar Fal Ingólfsson
efi@mbl.is

PRÆDDIR þræðir nefnist sýning fjögurra listakvenna, þeirra Ásgerðar Búadóttur, Hildar Hákonardóttur, Guðrún Gunnarsdóttur og Hildar Bjarnadóttur, sem var opnuð í Listasafni Árnesinga í Hveragerði á fimmtudaginn var. Um leið var opnuð sýningin *Einu sinni enn* í safninu, en hún kemur frá Handverki og hönnun.

Inga Jónsdóttir, safnstjóri í Hveragerði, er jafnframt sýningarstjóri *Præddra* þræða. Hún segir að í verkum listakvennanna fjögurra sé myndlistin undirstaðan, hið einstaka. Í sýningu Handverks og hönnunar er áherslan á notagildið, en verkin má jafnframt fjölfalda. Í þessu samhengi segir hún að megi ræða margt, þar á meðal fjölbreytilegt hlutverk safna.

„Ég valdi á sýninguna fjórar konur, af fjórum kynslóðum, sem nálgast sköpunina á mismunandi hátt. Allar vinna þær þó með þráðinn,“ segir Inga.

Átök við miðilinn

„Ásgerður er frumkvöðull í nútímaveflist hér á landi. Hún lærði myndlist og notar ull og hrosshár til að gera sterkar móðernískar myndir. Myndmál hennar er nátegt málalistinni. Hildur Hákonardóttir leggur áherslu á teikninguna og beitir vefnaðinum sem pólitísku vopni, verk hennar eru nátengd kvennapólitíkinni. Guðrún Gunnarsdóttir notar karllægt efni, virrin, til að vinna verkin en er samt með sterka tengingu við kvenleg gildi; hún er þannig með öðruvísi nálgun við kvennapólitík og vinnur með minni kvenna. Loks er það Hildur Bjarnadóttir, fjórða kynslóðin, hún vinnur líka með minni kvenna auk þess að velja fyrir sér myndlistinni, og fjallar beinlínis um teikninguna, málverkið og skúlptúrinn. Hún vinnur með undirstöðurnar og beitir „kvenlegum“ aðferðum, rekur til að mynda upp málverkastriga og notar þráðinn sem efnivið til að hekla úr,“ segir Inga.

Hún segist enn fremur hafa valið verkin á sýninguna með það í huga að þau tali hvert við annað.

„Það er fjallað um kvennapólitík hér í verkum en þetta snýst líka um rýmið, um ljós og skugga; þetta eru átök við miðilinn en jafnframt við tíðarandann á hverjum tíma.“

Um myndmál þráðarins

Úlfhildur Dagsdóttir bókmenntafræðingur skrifar í sýningarskrá um list kvennanna fjögurra og segir að þræðir séu ekki einfalt mál, en í þjóðsögu er lagt bann við því að spinna í tungsljósi því þá getur úlfur hlaupið eftir þræðinum og gleypt tunglið. „Myndmál þráðarins hefur löngum talist til hins kvenlegra í menningunni, með tilheyrandi tilvisunum til tenginga og tengsla, en margt bendir til að konur skilgreini sig frekar út frá tengslum en aðgreiningum. Þessi tengsl geta svo á stundum tekið á sig ógnvænlegar myndir í vefnaði neta og örlaga.“



Konur með þræði Inga Jónsdóttir safn- og sýningarstjóri, Hildur Hákonardóttir, Hildur Bjarnadóttir og Guðrún Gunnarsdóttir við opnun sýningarinnar í Hveragerði.

Ólíkir listamenn vinna saman að nytjahlutum

Sýningin *Einu sinni* var, sem opnuð var í Listasafni Árnesinga í vikunni, kemur frá Handverki og hönnun. Hugmyndin með henni var að hvetja til nýsköpunar og vörupróunar með því að tefla saman tveimur ólíkum listamönnum. Tólf voru valdir og hver



fékk samstarfsaðila til liðs við sig. Þema sýningarinnar er „gamalt og nýtt“ og á sýningunni má sjá fjölda áhuga-verðra nytjahluta sem urðu til í þessu samstarfi. Sýningin hefur áður verið sett upp í Safnasafninu á Svalbarðseyri, á Ísafirði, Egilsstöðum og á Saudárkróki.

Safna samtímaleikjum

- Leika börn ripp rapp rúrí og sí sí kom pleimó?
- Söfn afla upplýsinga um leiki 10 ára barna

HVAÐA leikir finnast 10 ára börnum skemmtilegir? Hverjir þekkja og kunna „ripp rapp rúrí“ eða „sí sí kom pleimó“? Reynt verður að svara þessum spurningum og mörgum fleiri í verkefninu *Samtímasöfnun – leikir barna* sem Þjóðminjasafn Íslands stendur fyrir í samvinnu við Byggðasöfn Árnesinga og Reykjaness, Lækningaminjasafn Íslands, Minjasöfn Austurlands, Akureyrar og Reykjavíkur og Þjóðfræðistofu.

Að sögn Önnu Lísu Rúnarsdóttur, sviðstjóra rannsókna- og varðveislusviðs Þjóðminjasafns,

er markmiðið að safna fróðleik um leiki barna við upphaf 21. aldar, ásamt leikföngum og ljósmyndum. Söfnunin nær til nemenda í nokkrum 5. bekkjum víðsvegar um landið. Í verkefninu er stuðst við aðferð er kallast „samdok“ og þróuð hefur verið í Svíþjóð.

„Hugmyndin er að safna ekki bara gripum, ljósmyndum eða þjóðhátum heldur láta þetta allt spila saman og fá þannig betri mynd af því sem verið er að safna,“ segir Anna Lís.

„Eitt af markmiðunum er að þjálfa starfsfólk safna í að nota þessa aðferðafræði. Við



Í ripp rapp rúrí Fyrirhugað er að safna upplýsingum um leiki barna í dag.

völdum að taka leiki barna í samtímanum. Þetta er ekki fyrsta söfnunin sem tengist barnaleikjum, til eru eldri leikföng og efni sem tengist leikjum, en flestar rannsóknir hafa ekki tengst börnunum beint heldur er oft rætt við foreldra eða kennara. Við vildum virkja börnin sem þátttakendur og komum til með að leggja fyrir þau spurningar, fylgjast með þeim í frímínútum, einhver viðtöl verða tekin og ljósmyndir. Þegar búið er að vinna úr gögnunum verður reynt að safna inn tiltölulega fáum gripum, en einhverju sem er lýsandi fyrir leiki barna í dag.“

Anna Lís segir að safnað verði sameiginlegum safnkosti, ekki þurfa öll söfnin að eiga sömu gripina. „Það er lykill að þessari samtímasöfnun að hafa slíka verkaskiptingu. Í nútímanum er svo mikið af hlutum og þá þarf að vanda hvað valið er til varðveislu sem sneiðmynd af þema eða samfélaginu.“ *efi@mbl.is*